

Nd.

476. Nefndarálit

[259. mál]

um frv. til l. um skattkerfisbreytingu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í frumvarpi um skattkerfisbreytingu viðurkennir ríkisstjórnin réttmæti þeirrar stefnu Sjálfstæðisflokksins í skattamálum, að fremur beri að skattleggja eyðslu en verðmætasköpun. Sú staðreynd er á hinn bóginn eftirtektarverð, að ríkisstjórn, sem í upphafi valdaferils síns nefndi sig stjórn hinna vinnandi stétta, hefur verið knúin til þessarar stefnubreytingar af launþegasamtökunum. Sá er þó gallinn á, að ríkisstjórnin hyggst nota þá skattkerfisbreytingu til þess að koma fram stórfelldum auknum skattálögum á þjóðina umfram lækkun tekjuskatta í því skyni að halda áfram þeirri eyðslustefnu, sem hún hóf strax við valdatöku sína.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru andvígir þessu og munu með breytingartillögum við frv. freista þess, að í senn verði raunverulegri skattkerfisbreytingu náð, tekjuskattlækkun verði í samræmi við skattafrv. Sjálfstæðisflokksins frá s. l. hausti, dregið úr eyðslu ríkissjóðs og hamlað gegn því verðbólguflóði, sem orð skortir til að lýsa og vex dag frá degi.

Við teljum, að með sparnaði í ríkisrekstri, er næmi 1 500 millj. kr., og 2%-stiga söluskattauka væri ríkissjóði bætt það tekjutap, sem tillögur okkar gera ráð fyrir.

Jafnframt leggjum við til, að hinum tekjulægstu verði með sérstökum skatt-afslætti bætt söluskattshækkunin, en með mun réttlátari hætti en gert er ráð fyrir í frv. ríkisstjórnarinnar.

Það er skoðun okkar, að sú stefna, er fram kemur í breytingartillögum okkar, stuðli að auknum sparnaði, aðhaldi í ríkisrekstrinum, hamli gegn verðbólgunni og létti af þeirri tekjuskattsáþjám, sem núverandi ríkisstjórn hefur staðið að.

Reynslan hefur sýnt, hvílíkt afhröð stefna núverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum hefur beðið, enda þannig til stofnað.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir svo um stefnu hennar í efnahagsmálum:

„Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á, að takast megi að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum undanfarin ár og leitt til stendurtekinnna gengislækkana og óðaverðbólgu. Hún mun leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helstu nágranna- og viðskiptalöndum.“

Hvernig hefur svo ríkisstjórninni tekist til? Verðlag vöru og þjónustu hækkaði nær þrefalt hér á landi árið 1972 samanborið við nágrannalönd okkar. Hér nam hækkunin nær 14%, en þar um 5%. Árið 1973 var verðbólgan hér á landi sömu-leiðis þreföld á við nágrannalöndin. Neysluvöruverðlag hækkaði hjá okkur um 24%, en umhverfis okkur um 8%.

Það er því vonlaust fyrir ríkisstjórnina að skjóta sér á bak við erlendar verðhækkunarir, þar sem nágrannalöndin eru eins og engu síður en við háð utanríkisver-slun. Því er hlálegt að heyra stjórn hinna vinnandi stétta halda því fram, að öll verðbólga sé innflutt. Þar með er hún að segja, að engin verðmætasköpun eigi sér stað innanlands. Staðreyndin er hins vegar sú, að erlend aðföng eru vart meira en um þriðjungur heildarvirðis framleiðslunnar. Því er unnt með þeim tveimur þriðju, sem myndast hér innanlands, að jafna niður áhrifum erlendra verðhækkana, ef vel er á málum haldið.

Í skýrslu hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, „Þjóðarbúskapurinn, yfirlit 1972 og horfur 1973“, frá 1. júlí 1973, á bls. 61, er að finna svar við þessum staðhæfingum ríkisstjórnarinnar. Þar er spáð hækkun vísitölu vöru og þjónustu um 22% frá nóv. 1972 til nóv. 1973, sem varð raunar meiri. Hlutfallsleg áhrif einstakra þátta á hækkunina eru talin þessi:

1. Bein áhrif gengisbreytinga	22.7%
2. Bein áhrif breytinga innflutningsverðs í erlendri mynt	18.2%
3. Bein áhrif breytinga óbeinna skatta	13.6%
4. Áhrif annarra þátta, einkum launakostnaðarbreytinga, m. a. vegna verðlagsuppbóta	45.5%

Samtals 100.0%

Hvað segja þessar tölur? Þær segja, að 18.2% eða minna en $\frac{1}{5}$ af verðbólgunni er af erlendum toga spunnin.

Slíkri verðbólguþróun er ekki hægt að fylgja eftir öðruvísi en með slaukinni skattheimtu, eins og staðreyndir sýna.

Strax á fyrsta þingi núv. kjörtímabils réðust núverandi stjórnarflokkar í breytingu á skattalögnum, sem voru í senn vanhugsaðar og án þess að þeir gerðu sér nokkra grein fyrir því, hvaða áhrif breytingarnar hefðu á einstaklinga, atvinnureksturinn eða skatttekjur ríkisins í heild.

Sjálfstæðismenn snerust gegn þessum breytingum og vöruðu við þeim og afleiðingum þeirra, en á það var því miður ekki hlustað. Ljóst var, að þær breytingar, sem gerðar voru, mundu hafa í för með sér verulega aukna skattbyrði á meginþorra gjaldþegna þjóðfélagsins. Við lögðum þess í stað til, að haldið yrði áfram þeirri vel undirbúnu endurskoðun, sem fram fór á árunum 1969—1971, og frestað yrði lögfestingu á þeim breytingartillögum, sem fólust í frv. vinstri stjórnarinnar.

Við álagningu 1972 kom í ljós, að allt, sem stjórnarandstaðan hafði sagt á þingi, var rétt. Ríkisstjórnin varð að grípa til bráðabirgðalaga, til þess að gamla fólkið sligaðist ekki algjörlega undir þungu skattbyrði, sem stjórnarflokkarnir höfðu samþykkt.

Þá kom í ljós, að innheimtir tekju- og eignarskattar fóru nær einn milljarð fram úr áætlun 1972 og skattbyrðin jókst um rúm 20%.

Enn var haldið áfram á sömu braut. Við álagningu 1973 námu tekjuskattar einstaklinga 4 678 millj. kr., að meðtöldu 1% álagi Byggingarsjóðs ríkisins, en við álagningu 1971 1 117 millj. kr. Þetta jafngildir 318.8% hækkun 1971—1973, á sama tíma sem brúttótekjur framteljenda hækka aðeins um 60%.

Sömu hneigðar gætir í fjárlagafrumvarpi því, sem Alþingi hefur nýlega samþ. Þar er gert ráð fyrir, að tekjuskattur nemi 6 795 millj. kr., þar af nema tekjuskattar einstaklinga um 5 806 millj. kr. og féлага 922 millj. kr. Og áfram heldur ríkisstjórnin í sömu átt.

Á árinu 1973 lentu 72% allra tekjuskattsgreiðenda í hæsta skattþrepi, en þá er tekjuskattur orðinn 44.44% (með 1% álagi til Byggingarsjóðs ríkisins). Að viðbættu útsvari, kirkjugarðsgjaldi og Viðlagasjóðsgjaldi runnu því í flestum tilvikum 55.69% hvernar krónu, sem aflað var í viðbót, til opinberra aðila.

Ætla má, að við álagningu 1974 samkvæmt óbreyttum lögum og skattvísitölu 154, sem er hækkuð um 20.3% frá fyrra ári, lendi um 90% tekjuskattsgreiðenda í hæsta skattþrepi, enda hefur skattvísitalan ekki verið látin fylgja meðaltekjuaukningu og hækkun um 30%.

Vissulega er mælirinn löngu orðinn fullur. Engir gerðu sér það betur ljóst en launþegar, þar sem skattþunginn á þeim hafði vaxið svo í tíð núverandi ríkisstjórnar sem áður segir. Launþegasamtökin settu því skattamálin á oddinn við nýafstaðna kjarasamninga, en slíkt hefur aldrei gerst áður.

Í framhaldi af yfirlýsingu þeirri, er ríkisstjórnin gaf varðandi skattamálin, flytur hún þetta frumvarp, sem þannig er úr garði gert, að augskýlegt er, að ríkissjóði er ætlað að stórhagnast á skattkerfisbreytingunni.

Við samanburð á greinargerð frumvarpsins og endurskoðaðri áætlun um tekjur og gjöld ríkissjóðs 1974, sem lögð var fram af sérfræðingum ríkisstjórnarinnar í fjárhags- og viðskiptanefnd, kemur í ljós, að eftir skattkerfisbreytinguna yrðu innheimtar tekjur ríkissjóðs af 5%-stiga söluskattauka 1 200 millj. kr. hærri en áætluð lækkun innheimts tekjuskatts 1974.

Hækkun innheimts söluskatts um 5% er áætluð í greinargerð 2 900 millj. kr., en samkv. áður nefndri áætlun lækkar innheimtur tekjuskattur einungis um 1 700 millj. kr., en í frv. er gert ráð fyrir söluskattsinnheimtu í 9 mánuði ársins 1974.

Mun óhagstæðari verður samanburðurinn á ársgrundvelli 1975. Ekki verður séð, að þá sé stefnt að frekari tekjuskattsvilnun né lækkun á söluskattsprósentu, þótt söluskattaukinn verði þá innheimtur allt árið, og viðbótartekjur ríkissjóðs þess vegna 1 100 millj. kr., miðað við meðalverðlag 1974.

Hreinn hagnaður ríkissjóðs 1975 af skattkerfisbreytingunni, miðað við meðalverðlag 1974, verður því nálægt 2 300 millj. kr. Af þessu er ljóst, hvert stefnir, verði frumvarpið samþ. óbreytt.

Til þess að freista þess, að svo verði ekki, flytjum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd breytingartillögur við frumvarpið, sem eru samhljóða frumvarpi því, er flutt var á vegum Sjálfstæðisflokksins sl. haust, en þar var byggt á þeirri grundvallarstefnu sjálfstæðismanna, sem lögfest var 1960, að almennar launatekjur skyldu skattfrjálsar og eyðslan skattlögð fremur en verðmætasköpun.

Auk þess að leggja til hækkaðan persónufrádrátt í samræmi við þá stefnu leggjum við til, að hinir tekjulægstu, sem ekki njóta hækkunar persónufrádráttar, fái sérstakan skattafslátt, sem bæti þeim söluskattshækkun þá, sem gert er ráð fyrir í breytingartillögnum.

Breytingartillögur okkar gera ráð fyrir tekjuskattslækkun, er nemur um 3 000 millj. kr.

Verði breytingartillögur okkar samþykktar, verður innheimtur tekjuskattur árið 1974, að frágengnum skattafslætti, 2 910 millj. kr. í stað 5 806 millj. kr., sem fjárlögin gera ráð fyrir. Tekjutap ríkissjóðs yrði þá 2 896 millj. kr.

Við leggjum til, að tekjutapi þessu verði mætt með 1 500 millj. kr. sparnaði á ríkisútgjöldum, sem fjárveitinganefnd geri tillögur um. Þá leggjum við til, að söluskattur verði hækkaður um 2%-stig, sem gæfi að okkar dómi tæpar 1 400 millj. kr. í tekjuauka 1974.

Þá leggjum við til, að 1½% launaskattur, sem lagður hefur verið á til bráðabirgða frá verðstöðvuninni 1970, verði nú felldur niður, en tekjutapi ríkissjóðs þess vegna, 450 millj. kr., mætt af umframtekjum, sem ætla má að verði yfir 3 000 millj. kr.

Enda þótt vitað sé, að ríkisútgjöldin fari fram úr áætlun, ætti ríkissjóður þannig að hafa umframtekjur til að mæta því, og þess vegna er rétt að afnema þennan bráðabirgðaskatt nú.

Við leggjum hins vegar til, að í Byggingarsjóð ríkisins renni 2% launaskattur, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, enda rýrnar sjóðurinn í verðbólgueldi núverandi stjórnar.

Að flestra dómi ber að snúa frá þeirri stefnu eyðslu og verðbólgu, sem ríkt hefur í landinu frá valdatöku núverandi ríkisstjórnar og endurspeglast í þessu frumvarpi, og beinast tillögur undirritaðra að því.

Alþingi, 12. mars 1974.

Matthías Á. Mathiesen, Ásberg Sigurðsson.
frsm.